



Reykjavík, 21. maí 2020

**Umsögn LÍS um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19,
733. mál**

Landssamtök íslenskra stúdenta, hér eftir LÍS, þakka kærlega fyrir vel ígrundaðar tillögur um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19. Hér á eftir kemur umsögn um þá hluta tillögunnar sem snerta stúdenta með beinum hætti.

Tillaga 1 - Réttur stúdenta til atvinnuleysisbóta

Það hefur verið skýlaus krafa stúdenta síðastliðnar vikur að þeim verði veittur réttur til atvinnuleysisbóta í ljósi þeirra alvarlegu aðstæðna sem eru á atvinnumarkaði. LÍS fagna því fyrstu tillögu skjalsins en telja að trvggia verði rétt allra stúdenta til atvinnuleysisbóta í sumar, og þar með talinn rétt erlendra nema sem stunda nám á Íslandi sem og íslenskra námsmanna sem stunda nám erlendis til atvinnuleysisbóta. Samkvæmt námsmannaleyfi frá Útlendingastofnun er erlendum háskólanemum hvorki heimilt að vinna meira en því sem nemur 40% starfshlutfalli né vinna sjálfstætt. Vegna þessara takmarkana eru þeir þegar útilokaðir frá því að geta þegið atvinnuleysisbætur frá Vinnumálastofnun þar sem þær eru aðeins greiddar ef starfshlutfall hefur verið að minnsta kosti 50%. LÍS vísa í [umsögn samtakanna um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu atvinnulausra vegna COVID-19-heimsfaraldursins](#) fyrir frekari rökstuðning, sem og [grein](#) verðandi jafnréttisfulltrúa LÍS.

Tillaga 2 - Aðgengi stúdenta að geðheilbrigðisþjónstu

LÍS hafa um nokkurt skeið krafist þess að geðheilbrigðisþjónusta innan háskólakerfisins verði bætt til muna, úrræðum fjölgað og að minnsta kosti einu stöðugildi sálfræðings verði komið á innan hvers háskóla fyrir sig. LÍS fagna því sérstaklega tillögu 2 sem lýtur að því að aðgengi námsmanna að geðheilbrigðisþjónustu verði bætt en telja að breytingin ætti ekki að vera tímabundin. Sterk geðheilbrigðisþjónusta þarf að vera tryggð innan háskólanna til lengri tíma. Í þessu samhengi benda LÍS á [vfirlýsingu](#) sína um aðgengi stúdenta að geðheilbrigðisþjónustu sem gefin var út í tilefni herferðar LÍS sem ber heitið „Geðveikt álag“.

Tillaga 3

LÍS taka undir tillögu um að námsmenn sem sóttu um nám erlendis á vorönn 2020 geti sótt um endurgreiðslu á ferðakostnaði til Íslands enda var slíkur kostnaður ófyrirséður og óvæntur og hefur því að öllum líkindum sett strik í reikninginn fyrir íslenska stúdenta sem stunda nám erlendis.

LÍS telja að skýra þurfi betur hvað sé átt við í tillögu um að þeir námsmenn sem sóttu nám erlendis á vorönn 2020 og geta ekki lokið önninni fái lánsupphæð sína fellda niður. LÍS leggjast alfarið gegn því að námsmenn sem hafa stundað nám erlendis fái ekki sín námslán ef þeir gátu ekki lokið önninni vegna heimsfaraldurs. Um er að ræða stúdenta sem hafa margir hverjir tekið lán hjá bönkunum til þess að sjá fyrir sér þar til þeir fengju námslánin greidd út og því myndi það setja þessa stúdenta í afar erfiða stöðu ef lánsupphæð þeirra verður felld niður. Nauðsynlegt er að LÍN meti námsárangur vorannar gildan fyrir námsmenn erlendis, ef þeir geta ekki uppfyllt skilyrði um lágmarksnámsframvindu vegna heimsfaraldursins, og þannig greitt þeim út lán sín óháð námsárangri.

Mestu skiptir að úrræði sem standa stúdentum á Íslandi til boða nái líka til íslenskra námsmanna erlendis. Sumarnámið við íslensku háskólana gerir það en Samband námsmanna erlendis hefur enn ekki fengið afgerandi svör um það hvort námsmenn sem stunda nám erlendis séu gjaldgengir í störfum sem hið opinbera ætlar sér að skapa fyrir námsmenn.

Tillaga 5

LÍS taka sannarlega undir tillögu um að styrktarsjóðir Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) verði efldir enn frekar. Í þessu samhengi má ekki gleyma stúdentum sem stunda verklegt nám, sér í lagi í skapandi greinum en starfsvettvangur þeirra byggir gjarnan á verktakavinnu. Því er gríðarlega mikilvægt að taka tillit til þess og auka fjárframlög í sjóði sem styðja við unga listnema í sinni sköpun með menningarlegt gildi að leiðarljósi, óháð nýsköpunar- og rannsóknargildi.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta

Ragnhildur Þrastardóttir

Ragnhildur Þrastardóttir, varaforseti LÍS